
Umsjón:
Ólafur Gíslason



Tjáning og tilraunir

Nóg að skoða í sýningarsölum borgarinnar

Ekkert lát er á framboði á nýrri myndlist í höfuðborginni. Um þessa helgi opna að minnsta kosti 6 sýningar, þar af þrjár að Kjarvalsstöðum. En þar opna þau Sóley Eiríksdóttir, Steinunn Þórarinsdóttir og Bragi Ásgeirsson sýningar á laugardag kl. 14.

Sóley Eiríksdóttir hefur sett upp í anddyri Kjarvalsstaða bráðfallega sýningu á skúlptúrum úr steinleir. Skúlptúrar þessir sýna okkur ýmsar kynjaverur er taka á sig hin furðulegustu form, þar sem húmor og hugmyndaflug listakonunnar nýtur sín til fulls.

Þetta er fyrsta einkasýning Sóleyjar, og verður ekki annað sagt en að hún sé listakonunni til mikils sóma. Sóley lauk námi frá MHÍ 1981 og hefur síðan tekið þátt i samsýningum hér og erlendis. Skúlptúrar Sóleyjar eru gerðir á þessu og síðasta ári, en þá naut hún 6 mánaða starfslauna frá ríkinu, sem greinilega hafa skilað góðum árangri.

Steinunn Þórarinsdóttir leggur undir sig allan austursal Kjarvalsstaða með skúlptúra sína og veggmyndir, en hún notar bæði járn, steinleir, gler og blý við myndgerð sína. Á sýningunni eru 26 verk, og er þetta stærsta sýning sem Steinunn hefur haldið til þessa. Steinunn er menntuð í höggmyndalist frá Bretlandi og Ítalíu, en hún kom heim frá námi 1980 og hefur síðan haldið 5 einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga, auk þess sem hún er nú formaður Myndhöggvarafélagsins. Flest verkin á sýningunni eru unnin á síðasta ári, en þá naut Steinunn starfslauna Reykjavíkurborgar.

Steinunn heldur nú áfram að þróa það persónulega myndmál, sem hún hefur áður sýnt, og sýningin ber vott um mikið vald listakonunnar á viðfangsefninu. Frístandandi skúlptúrar úr járni og blönduðu efni sýna leiftrandi frjálsa teikningu í járninu og veggmyndir úr leir, sem sýna hafgúur, andlit og líkamsparta búa yfir kynngimögnuðum krafti, sem stafar ekki hvað síst af sjálfri efnisáferðinni. Steinunn sýnir einnig veggmyndir úr gleri, sem hún hefur mótað með því að bræða það yfir gipsmót. Glermyndirnar verða því eins konar slæður, sem gefa meira til kynna en þær sýna, en eru þó glærar í gegn. Þessi tvíræðni gerir glermyndirnar áleitnar fyrir augað og gefur þeim aðdráttarafl.

Sýning Steinunnar nýtur sín vel í þessum stóra sal og er vottur um þá fjölbreytni og endurnýjun sem nú á sér stað í íslenskri höggmyndalist.

Bragi Ásgeirsson sýnir mikinn fjölda málverka sem fylla allan vestursal Kjarvalsstaða, og er þetta 9. einkasýningin sem hann hefur haldið. Flestar eru myndirnar unnar á síðasta ári og bera vott um talsverða breytingu sem nú virðist í gerjun í myndsköpun hans. Bragi notar nú minna tilbúna aðskotahluti í myndum sínum og byggir ekki á relief-áferð eins og áður. Hið hreina og hefðbundna olíumálverk virðist vera að ná yfirhöndinni hjá Braga á nýjan leik, og jafnvel bregður fyrir expressíónískum tilraunum, sem ýmist minna á Svavar Guðnason eða formleysumálarana. Í heild sinni er sýningin nokkuð sundurlaus eða brokkgeng, og margar myndanna bera það með sér að þær eru hreinn leikur eða tilraunir. Síst vildi ég lasta slíkar tilraunir, en engu að síður finnst mér sýningin í heild líða fyrir stefnuleysi. Bragi virðist hafa tekið upp hætti fuglsins, sem hann málar gjarnan, og syngja með sínu nefi án þess að spyrja kóng eða prest um stefnu eða markmið, að syngja fyrir raddböndin og nefið ef ekki vill betur. Slíkt kann að vera ágætur leikur og veita nokkra fullnægju, en söngfuglinn býður jafnframt upp á það að valda þreytu og tómleikatilfinningu með sínu einhæfa hjali, ef ekki er hugað að markvissari mótun og miðlun reynslunnar.



Skúlptúr úr steinleir eftir Sóleyju Eiríksdóttur



Veröld eykur umsvif sín

Bókaklúbburinn Veröld efnir til ýmissa nýjunga í starfsemi sinni. Ber þar hæst heimsókn óperusöngkonunnar Renötu Scotto á næstunni og rithöfundarins Isaac Bashevis Singer í haust. Renata Scotto mun syngja í Háskólabíói með undirleik Sinfóníuhljómsveitarinnar laugardaginn 11. apríl. Renata Scotto þykir meðal fremstu sópransöngvara í heiminum í dag. Singer mun hins vegar koma fram á sérstakri bókmenntakynningu Veraldar í haust. Þá hyggst bókaklúbburinn gangast fyrir listsýningum og kynningum á listamönnum auk þeirrar fjölbreyttu bókaútgáfu og hljómplötuútgáfu, sem klúbburinn hefur staðið að. Þá hefur klúbburinn einnig veitt félögum sínum afslátt af ýmis konar þjónustu. Sjö bókaforlög standa að bókaklúbbnum, en framkvæmdastjóri er Kristín Björnsdóttir.

–ólg.

Mímir

Himnesk rotnun

„Af rotnun leggur himneska angan“ heitir fyrirlestur um raunsæi sem Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur og útgáfustjóri Máls og menningar flytur í dag.

Fyrirlesturinn flyst á vegum Mímis, félags stúdenta í íslenskum fræðum, tími: 14.00, staður: stofa 101, Odda, hugvísindahúsi háskólans.